

Leiðbeiningar vegna gangna og rétta vegna COVID-19 HÆTTUSTIG almannavarna

Búið er að uppfæra leiðbeiningar fyrir göngur og réttir. Helstu breytingar eru þær að nú er komin almenn undanþága vegna nándarmarka í fjallaskálum.

**Þann 26.08.2020 veitti Heilbrigðisráðuneytið undanþágu frá 1. mgr. 4. gr. auglýsingar um takmörkun á samkomum vegna farsóttá (792/2020). Þannig er heimilt að viðhafa 1 metra á milli einstaklinga í fjallaskálum, þegar því verður ekki viðkomandi að halda 2 metra fjarlægð. Minnt er á ákvæði 8. gr. auglýsingarinnar um takmörkun á samkomum vegna farsóttá, um þrif og sótthreinsun almenningssýma og jafnframt á einstaklingsbundnar sóttvarnir.**

Þá er búið að opna fyrir almenna undanþágu fyrir fjöldatakmörkun fyrir réttir.

**Þann 28.08.2020 veitti Heilbrigðisráðuneytið almenna undanþágu fyrir fjöldatakmörkun fyrir réttarstörf á á grundvelli 10. gr. auglýsingar nr. 792/2020, að því tilskildu að farið sé eftir tilmælum sóttvarnarlæknis hér að neðan. Um slíka undanþágu skal sækja til Landssamtaka sauðfjárbænda á netfangið [unnsteinn@bondi.is](mailto:unnsteinn@bondi.is). Minnt er á ákvæði 8. gr. auglýsingarinnar, um þrif og sótthreinsun almenningssýma og jafnframt á einstaklingsbundnar sóttvarnir.**

- Haldinn sé listi yfir þá einstaklinga sem koma í réttina með upplýsingum sem nota má til að hafa samband við viðkomandi gerist þess þörf.
- Upplýsingar um sóttvarnaráðstafanir og 2 metra reglu eru sýnilegar.
- Handspritt og handþvottaaðstaða til staðar.
- Ef matvælaþjónusta er veitt, að matvæli séu afgreidd í innpökkuðu formi og kaffi sé hellt í bolla, ekki sjálfsafgreiðsla og að starfsfólk sem afgreiðir matvæli haldi 2 metra fjarlægð frá gestum.
- Að talning inn og út af svæði sé skilvirk.
- Að lögregla umdæmis og umdæmislæknir sóttvarna séu upplýst um þessa undanþágu.
- Að ábyrgðarmaður réttarstarfa sendi fólk sem sýnir einhver flensueinkenni tafarlaust af vettvangi og fylgist með að starfsmenn og gestir virði 2 metra reglu.

Landssamtök sauðfjárbænda taka á móti umsóknum um undanþágur fyrir fjöldatakmörkun fyrir réttarstörf og afgreiða þær í samráði við Embætti landlæknis og Heilbrigðisráðuneytið. Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, Unnsteinn Snorri Snorrason, í síma 899 4043 og í netfanginu, [unnsteinn@bondi.is](mailto:unnsteinn@bondi.is).